

AUGLÝSING

um samning um heimssýningar.

Hinn 22. janúar 1999 var franska utanríkisráðuneytinu afhent aðildarskjal Íslands vegna samnings um heimssýningar sem undirritaður var í París 22. nóvember 1928 og aukið var við með bókunum frá 10. maí 1948, 16. nóvember 1966 og 30. nóvember 1972 og breytingum frá 24. júní 1982 og 31. maí 1988. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar sama dag.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem hægt er að fá aðgang að honum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. febrúar 1999.

Halldór Ásgrímsson.

Helgi Ágústsson.